**13. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar**

13. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 18. mars 2025 kl. 9:00 í fundarherbergi Þjóðkirkjunnar að Borgartúni 26.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg Wiium Árnadóttir. Þá sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Drífa Hjartardóttir, forseti Kirkjuþings, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

1. **Formaður setti fund og hóf biskup fundinn á ritningarlestri og bæn**

2. **Málefni frá kirkjuþingi**
    a. DH fór yfir þau mál sem afgreidd voru á Kirkjuþingi dagana 14.-16. mars og þau mál sem enn eru í vinnslu.
    b. AG færir til bókar að prestar í stjórn og á kirkjuþingi séu ekki vanhæf við afgreiðslu kjarasamnings kjaranefndar Þjóðkirkjunnar og Prestafélags Íslands. Engin andmæli voru við bókuninni.

3. **Yfirlit framkvæmdastjóra**
    a. Rekstraryfirlit
        i. BG gerði grein fyrir rekstraryfirliti fyrstu tveggja mánaða ársins 2025.
    b. Málefni Reykholts
        i. BG kynnti samning um lóðaumhirðu í Reykholti og fór yfir viðræður Þjóðkirkjunnar við Borgarbyggð vegna þjónustu við íbúa og gesti staðarins.
        ii. BG kynnti stöðuna á viðræðum við fyrrum ábúanda.

4. **Önnur mál**
    a. ÞBWÁ spurði út í stöðuna á ráðningu svæðisstjóra æskulýðsmála. GKH upplýsti að stöðurnar verði auglýstar á næstunni.

Næsti fundur var ákveðinn 15. apríl 2025 kl. 9:30. Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:15.